

Aðalstjórnarfundur UMFT

8. desember 2008.

Mættir: Gunnar, Magnús, Elínborg og Kristjana.

Dagskrá :

Fjármál deilda

Æfingagjöld yngri flokka

Aðalstjórn ákvað í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi að boða fulltrúa allra deilda félagsins til sín á fund til að fara yfir stöðu fjármála.

1. Knattspyrnudeild - Atli Hjartarson mætti f.h. stjórnar.

Atli fór yfir fjárhagsstöðu knattspyrnudeildarinnar. Skýrði hann aðalstjórn frá því hvernig stjórn knattspyrnudeildar sæi fyrir sér framhaldið á næsta ári.

Æfingagjöld yngri flokka deildarinnar á haustönn eru kr. 6.000.

2. Körfuknattleiksdeild - Halldór Halldórsson mætti f.h. stjórnar.

Halldór gerði grein fyrir fjárhagsstöðu körfuknattleiksdeildarinnar. Einnig fór hann yfir mál erlendra leikmanna sem eru á launum hjá deildinni.

Æfingagjöld yngri flokka eru kr. 25.000 fyrir tímabilið sem er átta mánuðir.